



Fiskeldismöguleikar á sunnanverðu Reykjanesi

Hákon Aðalsteinsson, Freysteinn Sigurðsson

Greinargerð HA-FS-88-01

FISKELDISMÖGULEIKAR Á SUNNANVERÐU REYKJANESI

Sérstæð náttúruskilyrði á Reykjanesi

Reykjanes er eitt virkasta svæði á Íslandi í jarðfræðilegu tilliti. Þar eru mörg hraun frá nútíma og nokkur aðskilin jarðhitasvæði. Yfirborðsafrænsli er nánast ekki til, heldur hripar öll úrkoma niður í grunnvatn. Á utanverðu Reykjanesi liggur nokkurra tuga metra þykkt ferskvatnslag ofan á jarðsjó, og heitir jarðsjór er á þekktum háhitasvæðum. Sprungukerfi eru tengd háhitasvæðunum og má rekja þau langleiðina til strandar. Á jöðrum sprungusvæðanna hafa nokkrar fiskeldisstöðvar nýtt sér volgan/heitan vökva til laxeldis.

Stöðvum sem þegar eru á Reykjanesi hefur yfirleitt gengið vel að ná í jarðsjó úr borholum, svo sem Silfurgeni við Kalmannstjörn sunnan Hafna og íslandslaxi að Stað við Grindavík. Sjórinn fæst úr lekum hraunlögum við ströndina. Svipuð skilyrði eru vestan Þorlákshafnar, þar sem þegar hafa risið tvær stöðvar og aðrar tvær fyrirhugaðar. Margt bendir til að samskonar skilyrði til sjótoku séu á svæðinu frá Grindavík að Selvogi.

Flestir sérfræðingar um fiskeldi eru sammála um að strandeldi muni verða mikilvægur þáttur í matfiskeldi á Íslandi, annaðhvort eitt sér eða ásamt sjókvældi, þar sem fiskur úr sjókvum yrði færður á land yfir veturinn.

Reykjanes býður upp á flest bestu skilyrðin fyrir strandeldi:

- 1) Hvergi á Íslandi er meðalhiti sjávar úti fyrir ströndinni hærri.
- 2) Hagstæðir straumar, (eingöngu til vesturs).
- 3) Lekar jarðmyndanir við ströndina, sem gera kleift að ná í síðan sjó úr borholum eða brunnum.
- 4) Mörg jarðhitasvæði.

Fjallendi Reykjanesskaga er eitt mesta úrkomusvæði landsins, og mikið grunnvatn fellur því til sjávar af skaganum, en allt neðanjarðar. Mynd 1 sýnir úrkumudreifingu á skaganum og helstu grunnvatnsstrauma, eins og þeir eru taldir vera. Grunnvatnsstraumar eru nokkuð vel þekktir á norðanverðum skaganum, en straumarnir eins og þeir eru teiknaðir á sunnanverðan skagann eru meira leiddir af likum. Þó að mikið grunnvatn sé á Reykjanesi, þá er vinnsla þess víða nokkrum annmörkum háð og taka þarf tillit til hagsmuna margra sveitafélaga og notenda. Á sunnanverðu Reykjanesi austan Grindavíkur eru sem stendur engir stórnottendur að

ferskvatni og litlar líkur á hagsmunárekstrum vegna nýtingar þess.

Líkt og á vestanverðu nesinu þar sem rekja má sprungukerfi nokkurra háhitasvæða til strandar, sbr sprungukerfi Eldvarpa og Svartsengi, þar sem eldisstöðvarnar við Grindavík eru, má rekja sprungukerfi nokkurra háhitasvæða til strandar austan Grindavíkur, (sjá mynd 2).

- a) íshólsskáli - Svartsengi/Trölladyngja.
- b) Selatangar - Trölladyngja/Sveifluháls.
- c) Hælsvík - Krísuvík.
- d) Herdísarvík - Brennisteinsfjöll/Hengilskerfið.
- e) Selvogur/Bjarnarvík - Brennisteinsfjöll/Hengilskerfið.

Á öllum þeim stöðum sem nefndir eru hér að framan er hægt að finna láglend svæði við ströndina. Skilyrði þess að það borgi sig að dæla sjó teljum við vera þau, að við ströndina sé hæfileg spilda í u.p.b. 10-15 m hæð yfir sjávarborði.

Rannsóknaráætlun

Þar sem verkefnið er viðamikið, en fjármagn takmarkað, höfum við gert ráð fyrir að taka tvö ár til rannsóknanna.

Fyrra árið er ætlunin að:


- * Kortleggja sjánlegt útrennsli ferskvatns og líkleg vinnslusvæði.
- * Kortleggja sprungubeltin sem rekja má til háhitasvæðanna.
- * Leita volgra strauma frá háhitasvæðunum með aðstoð viðnámsmælinga.
- * Bora rannsóknarholur í vænlega jarðhitastruma.

Síðara árið er ætlunin að:

- * Ljúka sprungu- jarðhitakortlagningu.
- * Halda áfram könnun jarðhitastruma með borunum.
- * Athuga útbreiðslu sjávarlaga inn undir ströndina. Bæði með borunum og viðmámsmælingum.

Rannsóknaráætlun fyrir síðara árið gæti breyst, eftir því hvaða niðurstöður fást úr athugunum sumarið 1988.

Mynnd 4



May 2nd 2

Rannsóknarsvæfi regna matríuski til fiskeldi

Styrfraktaar sötötar x efðar i greiðargættinaci.

1-FE VOD-JUK-890-FS
83.04.0522-GSJ

Jarðhiti og höggun

Jarðhitasvæði, þekkt

Jarðhitasvæði, grunað

Gosrein

N-S-lægar sprungur,
hryggir. Ógannaðir

Smáskjálftabelti

- fjallendis

Trölladýna

Brenni-
steins-
fjöll

seng
73 hols
shali

taengar

km | 5

Bauer's

四

• 17 •

Mynd II-II.-I.

